**Ed.** **841. Nefndarálit** [363. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 frá 4. júní 1981, um lagmetisiðnað og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á fjórum fundum. Til viðtals komu Rafn Kristjánsson og Theodór Halldórsson frá Sölustofnun lagmetis og Halldór Kristjánsson iðnaðarráðuneytinu. Umsagnir bárust frá Iðntæknistofnun Íslands og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins þar sem því var harðlega mótmælt að fulltrúar þessara stofnana skyldu felldir úr stjórn Þróunarsjóðsins.

Nefndin klofnaði í málinu. Meiri hl. leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum á þskj. 842.

Stefán Benediktsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. maí 1985.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form. Björn Dagbjartsson, frsm. Davíð Aðalsteinsson.

Egill Jónsson. Skúli Alexandersson.